

starfsafl

2017

Ársskýrsla



Ársskýrsla 2017

Um Starfsafl

Starfsafl – starfsmennt Samtaka Atvinnulífsins og Eflingar stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis, hér eftir nefnt Flóabandalagið, varð til í tengslum við kjarasamninga vorið 2000 en þá var samið um stofnun sérstaks sjóðs sem ætlað er að byggja upp menntun almennra starfsmanna fyrirtækja.

Stjórn og starfsmenn

Stjórn sjóðsins er skipuð 6 mönnum, þremur frá Samtökum atvinnulífsins og þremur frá Flóabandalaginu. Á árinu urðu töluverðar breytingar á stjórn þar sem tveir aðalmenn, tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins, létu af stjórnarsetu og kann stjórn og starfsmenn Starfsafls þeim bestu þakkir fyrir þeirra störf. Í þeirra stað komu tveir nýjir aðalmenn. Þá voru breytingar á skipan varamanna.

Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins 2017 - 2018

Hlíf Böðvarsdóttir, formaður stjórnar frá maí 2016.

Friðrik Friðriksson (frá maí 2017)

Bergþóra Halldórsdóttir (frá desember 2017)

María Guðmundsdóttir (til maí 2017)

Guðrún S. Eyjólfsdóttir (til desember 2017)

Fulltrúar Flóabandalagsins 2017 - 2018

Fjóla Jónsdóttir, (Efling)

Kolbeinn Gunnarsson (Hlíf)

Jóhann R. Kristjánsson (VSFK)

Varamenn Samtaka atvinnulífsins

Ragnar Árnason (SA)

Varamenn Flóabandalagsins

Linda Baldursdóttir (Hlíf)

Sigurrós Kristinsdóttir (Efling)

Starfsmannamál

Auk breytinga á stjórn sjóðsins urðu breytingar á starfsmannahaldi. Lísbet Einarsdóttir gegndi sem fyrr stöðu framkvæmdastjóra en Eva Björk Guðnadóttir tók við af Valdísi Steingrímisdóttur, verkefnastjóra sem lét af störfum um mitt ár eftir tæplega 10 ára starf fyrir sjóðinn. Henni eru þökkuð góð störf og óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Skýrsla stjórnar

Stjórn fundar alla jafna fyrsta miðvikudag hvers mánaðar. Tekin hefur verið upp sú nýbreytni að hafa stjórnarfundir með ákveðnu þema sem gefur stjórn frekari möguleika á að vera stefnumótandi og framsýn en fela skrifstofu Starfsafls allar almennar samþykktir og afgreiðslu styrkja. Með þessari nýju nálgun hefur verið tekin enn frekari rýni á störf stjórnar og hlutverk.

Þá hefur með þessu verklagi skapast enn frekara svigrúm til að beita sér á öðrum sviðum sem falla undir hlutverk sjóðsins. Þar má meðal annars nefna fjármögnun og þróun menntunarráða, þarfagreiningarvinnu eða öðrum þeim aðgerðum sem geta aukið menntunarstig félagsmanna.

Stjórnin hélt alls 9 fundi á starfsárinu og er þar með talinn ársfundur og stefnumótandi fundur.

Breytingar á reglum sjóðsins

Stjórn sjóðsins heldur vöku sinni og leitar leiða til að styðja einstaklinga og fyrirtæki þar sem þess er þörf. Það er stjórninni jafnframt mikilvægt að horfa ávallt fram á við og festast ekki í verklagi og regluverki sem engum þjónar. Að því sögðu getur stjórn sjóðsins breytt reglum sjóðsins ef þurfa þykir enda mikilvægt að reglur sjóðsins séu í takt við starfsumhverfið og hafi þann sveigjanleika sem þarf til að mæta þörfum og áherslum í atvinnulífinu. Á starfsárinu voru gerðar breytingar sbr. eftirfarandi:



1. Rafræn fræðsla og hvatastyrkir

Starfsafli hefur styrkt rafræna fræðslu fyrirtækja og styður þar enn frekar við fyrirtæki sem vilja halda uppi öflugu fræðslustarfi. Engu að síður er um miklar þreifingar að ræða þegar leitað er leiða til að styrkja rafræna fræðslu. Margir þættir sem falla þar undir eru ekki þekktir og teljast til nýjunga í fræðslustarfi og starfsmenntamállum almennt. Því hafa styrkir vegna rafrænnar fræðslu verið undir merkjum tilraunaverkefna og tekið sífelldum breytingum í takt við þarfir hverju sinni.

Á starfsárinu var ákveðið að lækka krónutölu styrkja vegna rafrænnar fræðslu. Upphafleg styrkfjárhæð þótti rífleg samanborið við fjárhæðir annarra styrkja. Við þá ákvörðun var horft til þess að rafræn fræðsla kostar minna fyrir hvern einstakling í framkvæmd heldur en önnur fræðsla, sé þróunarvinna undanskilin.

2. Íslenskustyrkir fyrirtækja

Ákveðið var að tímabundin ákvörðun stjórnar árið 2016 um íslenskustyrki til fyrirtækja yrði varanleg. Áður en þessi tímabundna regla tók gildi voru styrkir til íslenskunáms á vegum fyrirtækja ekki sambærilegir öðrum styrkjum og hallaði verulega á þau fyrirtæki sem vildu halda uppi öflugu íslenskunámi fyrir sitt starfsfólk.

3. Fjárhæð styrkja

Á árinu var farið í undirbúningsvinnu vegna hækkunar á fjárhæð einstaklingsstyrkja úr 75.000,- kr. í 100.000,- kr. að hámarki. Við slíkar hækkunir þurfa að liggja fyrir útreikningar sem taka mið af ýmsum þáttum sem gætu haft áhrif á gengi sjóðsins til framtíðar litið. Niðurstaðan var sú að mögulegt væri að fara í hækkunir og var það eitt af síðustu verkum stjórnar á starfsárinu að samþykka þær hækkunir sem þá tóku gildi 1. janúar 2018.

Breytingar sem gerðar voru samanber eftirfarandi:

- Hámarksgreiðsla á ári fór úr 75.000,- kr. fyrir almennt nám og lífsleikninámskeið samanlagt í 100.000,- kr.
- Þriggja ára uppsafnaður styrkur hækkaði úr 225.000,- kr. í 300.000,- kr. fyrir eitt samfellt nám
- Námskeið sem falla undir lífsleikni hækkuðu í 30.000,- kr. úr 20.000,- kr.
- Sérstakur styrkur vegna meiraprófs er felldur undir almenna einstaklingsstyrki.
- Greitt er að hámarki sem samsvarar 3ja ára styrk eða 300.000,- kr. til fyrirtækja vegna einstaklingsnáms starfsmanna (þó aldrei meira en 75% af reikningi).

Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Meginmarkmið Starfsafls er að styðja við menntun félagsmanna, einstaklingsbundið eða í fyrirtækjum, á starfssvæði sjóðsins. Að því sögðu getur stuðningur sjóðsins falist í fjármögnun, þróun menntunarúrræða, þarfagreiningarvinnu eða hverjum þeim aðgerðum sem auka menntunarstig félagsmanna.

Starfsemi sjóðsins er því fjölbreytt en það sem vegur þyngst í daglegu starfi eru styrkir til einstaklinga og fyrirtækja, styrkir vegna Fræðslustjóra að láni og sértækir styrkir.

Verklag sjóðsins er þannig uppbyggt að félögin sem að honum standa, Efling, VSFK og Hlíf, sjá um alla umsýslu og útgreiðslu styrkja til sinna félagsmanna en styrkir til fyrirtækja eru afgreiddir af Starfsafli.


Þá vinnur Starfsafl með fjölda ráðgjafa sem sjá um framkvæmd Fræðslustjóra að láni og stíga inn í þau verkefni eftir því sem þurfa þykir og eða koma með verkefni og hafa milligöngu um að þau séu styrkt og þá unnin samkvæmt þeim reglum sem við eiga.

Iðgjöld og styrkir

Starfsemi Starfsafls styrkist með hverju árinu en tekjur Starfsafls eru starfsmenntaiðgjald sem eru sammingsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins, eins og um er samið á hverjum tíma. Árið 2014 var iðgjaldið aukið sem styrkti en frekar sjóðinn, sem fram að því þoldi ekki miklar sveiflur og styrkveitingar oft umfram greidd iðgjöld. Í dag er staða sjóðsins sterk og rekstrarafgangur upp á tæpar 100 milljónir. Þessi sterka staða sjóðsins felur í sér tækifæri til að veita enn betri þjónustu og sinna hlutverki sínu í samræmi við þarfir atvinnulífsins og þá sem það skipa.

Iðgjöld til sjóðsins árið 2017 voru um 330 milljónir króna og er þar um að ræða 16% aukningu frá árinu áður sem skýrist af aukinni atvinnuþátttöku og þá fjölgum félagsmanna innan þeirra stéttarféлага sem hlut eiga í sjóðnum. Heildarfjárhæð greiddra styrkja var rúmar 200 milljónir króna.

Á mynd 1 má sjá hvert hlutfall styrkja var af iðgjöldum sé litið allt aftur til ársins 2005.



Mynd 1. Hlutfall styrkja af iðgjöldum 2005 -2017


Á mynd 2 má sjá frekara niðurbrot á iðgjöldum og styrkjum samanber þá flokkun sem minnst er á hér á undan, þ.e. styrkir til einstaklinga, styrkir til fyrirtækja, sértækir styrkir og verkefnisins Fræðslustjóri að láni.



Mynd 2. Iðgjöld og styrkir 2017

Styrkir til einstaklinga

Vöxtur í styrkumsóknnum hefur verið nokkuð stöðugur síðastliðin ár en árið 2017 var heildarfjárhæð einstaklingsstyrkja örlítið lægri en árið áður eða tæp 2%. Í fjölda umsókna voru þær fleiri þetta árið eða alls 3440 umsóknir samanborið við 3388 árið áður. Á mynd 4 má sjá þróun í heildarupphæð greiddra einstaklingsstyrkja.




Mynd 3. Heildarfjárhæð einstaklingsstyrkja 2005-2017

Það er einnig áhugavert að kynjahlutfallið er nokkuð jafnt þar sem svipaður fjöldi karla og kvenna sækir í sjóðinn og á það við umsóknir styrkja hjá öllum félögunum. Sé litið til síðasta árs þá var kynjahlutfallið að sama skapi jafnt.



Ef skipting einstaklingsstyrkja er skoðuð eftir aldri má sjá að flestir sem sækja í sjóðinn eru á aldrinum 20 til 29 ára eða rúmlega helmingur eins og sjá má á mynd 4 hér að neðan.


Fjöldi umsókna eftir aldri umsækjenda 2017



Mynd 4. Fjöldi umsókna eftir aldri umsækjenda 2017

Fjölbreytni er mikil þegar horft er til þess hvaða fræðslu er verið að sækja. Styrkir vegna íslenskunáms eru flestir, þá kemur háskólanám og að síðustu almennt nám í framhaldsskóla samanber mynd 5.

Fjöldi styrkja eftir tegund náms



Mynd 5. Fjöldi styrkja eftir tegund náms


Að síðustu er áhugavert að skoða umsóknir út frá upprunalandi umsækjanda, en alls er um að ræða einstaklinga frá 89 þjóðlöndum sem hafa nýtt sér sjóðinn á síðastliðnu ári.



- | | | |
|--------------------------|--------------|----------------------|
| ✓ Afganistan | ✓ Indónesía | |
| ✓ Albanía | ✓ Írak | |
| ✓ Alsír | ✓ Íran | ✓ Rússland |
| ✓ Angóla | ✓ Ísland | ✓ Saír |
| ✓ Armenía | ✓ Ítalía | ✓ Sambía |
| ✓ Austurríki | ✓ Júgóslavía | ✓ Senegal |
| ✓ Bandaríkin | ✓ Kanada | ✓ Serbía |
| ✓ Belgía | ✓ Kenía | ✓ Simbabve |
| ✓ Brasilía | ✓ Kína | ✓ Síle |
| ✓ Bretland | ✓ Kólumbía | ✓ Slóvakía |
| ✓ Búlgaría | ✓ Kósóvó | ✓ Slóvenía |
| ✓ Danmörk | ✓ Króatía | ✓ Spánn |
| ✓ Dóminíska
lýðveldið | ✓ Kúba | ✓ Srí Lanka |
| ✓ Ekvador | ✓ Lettland | ✓ Sviss |
| ✓ Eþíópía | ✓ Litháen | ✓ Svíþjóð |
| ✓ Filippseyjar | ✓ Makedónía | ✓ Sýrland |
| ✓ Finnland | ✓ Malasía | ✓ Taíland |
| ✓ Frakkland | ✓ Marokkó | ✓ Tékkland |
| ✓ Gambía | ✓ Mexíkó | ✓ Tékkóslóvakía |
| ✓ Gana | ✓ Mongólía | ✓ Tógó |
| ✓ Georgía | ✓ Mósambík | ✓ Trínidad og Tóbagó |
| ✓ Grikkland | ✓ Namibía | ✓ Túnis |
| ✓ Grænhöfðaeyjar | ✓ Nepal | ✓ Tyrkland |
| ✓ Gvatemala | ✓ Nígería | ✓ Ungverjaland |
| ✓ Gvæjana | ✓ Pakistan | ✓ Úganda |
| ✓ Holland | ✓ Palestína | ✓ Úkraína |
| ✓ Hondúras | ✓ Perú | ✓ Venesúela |
| ✓ Hvíta-Rússland | ✓ Portúgal | ✓ Víetnam |
| ✓ Indland | ✓ Pólland | ✓ Þýskaland |
| | ✓ Rúmenía | |

Þrátt fyrir alla þessa fjölbreytni má sjá að langflestar umsóknir berast frá Íslendingum og því næst koma þeir sem eiga uppruna sinn í Póllandi, samanber mynd 6.

Fjöldi fræðslustyrkja eftir upprunalandi umsækjanda



Mynd 6. Fjöldi fræðslustyrkja eftir upprunalandi umsækjanda

Styrkir til fyrirtækja

Á starfsárinu varð mikil aukning í umsóknum og afgreiðslu styrkja til fyrirtækja. Það er alveg ljóst að þessa aukningu má þakka tilkomu Áttarinnar, sameiginlegrar vefgáttar í eigu fræðslusjóðanna, Iðunnar og Rafiðnaðarskólans. Með Áttinni hefur fyrirtækjum verið gert kleyft að sækja um styrki í marga sjóði með einni einfaldri aðgerð. Þá hefur verið markvisst unnið að því að kynna Starfsafl fyrir forsvarsmönnum fyrirtækja sem er sannarlega að skila sér því til viðbótar.




115 fyrirtæki sóttu um styrk til Starfsafls og mörg hver oftast en einu sinni enda geta fyrirtæki sótt um allt að 3 milljónir króna árlega. Þau fyrirtæki sem sóttu í sjóðinn eru í margvíslegum rekstri eins og fiskvinnslu, hótélrekstri, garðyrkju-, bygginga- og öryggisþjónustu, svo dæmi séu tekin.

Vel á fjórða hundrað umsóknir voru afgreiddar á árinu 2017 og því til viðbótar voru afgreiddar á þriðja tug umsókna frá árinu 2016. Tæplega 70 umsóknir uppfylltu ekki skilyrði og hlutu því ekki afgreiðslu.

Samanlögð fjárhæð styrkja til fyrirtækja var rúmlega 46 milljónir króna og á mynd 7 má sjá hlutfallslega skiptingu styrkja eftir tegund fræðslu.


Hlutfallsleg skipting fyrirtækjastyrkja 2017 í krónum talið



Mynd 7. Hlutfallsleg skipting fyrirtækjastyrkja 2017 í krónum talið


Það er áhugavert að skoða síðan enn frekar námskeið atvinnubílstjóra sem er annar stærsti liðurinn í styrkveitingum til fyrirtækja. Á myndinni hér að neðan er búið að taka út námskeið atvinnubílstjóra svo hægt sé að skoða nánar hlutfallslega skiptingu.

Fræðsla atvinnubílstjóra 2017



Mynd 8. Fræðsla atvinnubílstjóra 2017

Á mynd 9 má sjá skiptingu eftir atvinnugreinum en hlutfallslega hæsta fjárhæðin fer í styrki til ferðaþjónustunnar eða 22%. Veitingasala er 19% og samanlagt er það sama hlutfall og árið áður eða 41%.



Mynd 9. Skipting eftir atvinnugreinum

Undir liðnum ýmis þjónusta hér að ofan er eldsneytissala, heilðsölur og garðþjónusta svo dæmi séu tekin.

Sértækir styrkir

Á hverju ári berast Starfsafla styrkumsóknir vegna áhugaverðra verkefna og metur stjórn það hverju sinni hvernig það er afgreitt. Þá getur stjórn Starfsafls ennfremur átt frumkvæði að verkefnum eða styrkveitingum og eða tekið þátt í samstarfsverkefnum. Á árinu samþykkti stjórn Starfsafls að veita styrki í nokkur verkefni sem þá falla undir sértæka styrki.

1. Þýðing á námsefni

Veittur var styrkur til þýðingar á námsefni um þjónustu. Námsefnið miðast við 4 flokka ferðaþjónustu: móttöku, veitingar, þrif og bílaleigu. Hæfniviðmið námsefnisins miðast aðallega við fimm hæfnipætti sem skilgreindir hafa verið af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fyrir þessa starfaflokka og eru meðal annars samskipti starfsfólks við gesti, samskipti starfsfólks og stjórnenda, samvinna starfsfólks við hvert annað og stjórnendur, hæfni starfsfólks til að afla upplýsinga varðandi starf sitt, sjálfsþekking og metnaður til að bæta sig í starfi, fagleg og staðbundin þekking. Með námsefninu fylgja ýmis konar verkefni og handbók fyrir leiðbeinendur.

2. Gerð námsskrár fyrir samfélagstúlka

Veittur var styrkur til námskárgerðar fyrir samfélagstúlka, byggða á fyrirliggjandi hæfnigreiningu. Í umsókn sagði að sérstaklega yrði horft til markhóps framhaldsfræðslunnar við gerð námskrárinnar. Markmiðið er að auka hæfni og menntun samfélagstúlka og að þekking og reynsla innflytjenda sé metin og nýtist þeim sjálfum og samfélaginu.

3. Menntadagur atvinnulífsins

Veittur var styrkur vegna Menntadags atvinnulífsins en dagurinn var nú haldinn í fjórða sinn. Menntadagurinn er samstarfsverkefni Samorku, Samtaka ferðaþjónustunnar, Samtaka fjármála-

fyrirtækja, Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtaka iðnaðarins, Samtaka verslunar og þjónustu og Samtaka atvinnulífsins. Að þessu sinni var yfirskrift dagsins nýjasta máltækni og vísindi. Á menntatorgi kynntu svo fræðsluáðilar starfsemi sína, þar með talið Starfsafl.

Félagsleg fræðsla

Starfsafl styrkir fræðslu sem telst til félagslegrar fræðslu innan Eflingar og er félagsmönnum því að kostnaðarlausu. Fræðslan fer fram í húsakynnum Eflingar og er alla jafna vel sótt. Árið 2017 var sá styrkur 1.2 milljónir króna.

Þau námskeið sem telja til félagslegra fræðslu Eflingar voru til að mynda námskeið sem taka til sjálfseflingar, starfsloka og markþjálfunar, svo dæmi séu tekin.


Fræðslustjóri að láni

Á starfsárinu var því fagnað að 10 ár væru liðin frá því að fyrsti samningurinn um Fræðslustjóra að láni var undirritaður. Þá gekk verkfærið undir heitinu Nýliðarþjálfun en tilgangurinn var sá að lána út mannauðsráðgjafa til fyrirtækja, þeim að kostnaðarlausu, sem fór m.a. yfir verkferla við nýliðamóttöku. Meginmarkmið var að auka veg menntunar og þjálfunar innan fyrirtækja á almenna markaðnum en styrkur frá Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins og öflugt samstarf Starfsafls, Eflingar, Samtaka atvinnulífsins og fleirum gerði það að verkum að þetta var mögulegt.

Á þeim 10 árum sem liðin eru frá undirritun fyrsta samningsins hefur mikið vatn runnið til sjávar og verkfærið tekið breytingum í takt við þarfir atvinnulífsins og fyrirtækjanna. Engu að síður eru meginmarkmið þau sömu, að lána ráðgjafa inn til fyrirtækja, fyrirtækjunum að kostnaðarlausu að undanskildum þeim tíma sem felst í framlögðum tíma starfsfólks sem tekur þátt hverju sinni. Hlutverk ráðgjafans er að greina með markvissum hætti fræðsluþarfir fyrirtækisins, samhliða stefnu þess og draga upp fræðsluáætlun sem tekur til allra starfsmannahópa innan fyrirtækisins. Það gerir hann með völdu starfsfólki og stjórnendum í rýnihópum.

Eftirspurn eftir Fræðslustjóra að láni er alltaf að aukast enda sjá fyrirtæki mikinn hag í því. Þar er lausn sem er framkvæmanleg án mikils tilkostnaðar, en ferlið tekur að jafnaði örfáar vikur, frá því að lögð er inn umsókn og þar til fyrir liggur vel útfærð fræðsluáætlun.

Á mynd 10 má sjá yfirlit yfir Fræðslustjóra að láni verkefni árin 2007 til 2017



Mynd 10. Yfirlit fjölda Fræðslustjóra að láni verkefna 2007 til 2017

Þá var því jafnframt fagnað á starfsárinu að hundraðasti samingurinn sem Starfsafl átti aðkomu að var undirritaður (í byrjun árs 2018). Á bak við þessa 100 samninga eru 8200 félagsmenn.

Fyrirtækin á bak við þessa 100 samninga eru sem hér segir:

- Almar bakari
- Artic adventures
- Actavis ehf
- Airport Associates
- Alcan
- Allrahanda
- Allt hreint ehf
- Askja
- Avis bílaleiga
- AÐ þrif
- Bananar
- Bandalag íslenskra farfugla
- Bílabúð Benna
- BM Vallá
- Brúarveitingar
- Bus Travel Iceland
- DHL Hraðflutningar
- Efling, stéttarfélag
- Eimskip
- Elding
- Farfuglar
- Ferskar Kjötvörur
- Félagsstofnun stúdenta
- Firmex-Alex ehf
- Flugfélag Íslands
- Fóðurblandan
- FoodCo hf
- Fosshótel
- Frost og Funi Hótel
- Gámaþjónustan
- Gistiheimilið Frumskógar
- Grillhúsið
- Gunnars majones
- Hamborgarafabrikkan
- Hótel Reykjavík centrum
- Hótel Keflavík
- Hótel Óðinsvé
- Hótel Örk
- Hreint
- Icelandair Hotel Natura
- Icelandair Hotels
- Ikea
- ISS Ísland
- ÍAV
- Íshestar
- Ísl. Gámafélagið
- Íslandshótel
- Íslensk Ameríska
- Íslenska gámafélagið
- Ístak
- Kaffi Duus
- Kaffitár ehf
- Katla/fræðslustjóri
- Kex Hostel
- KFC
- Kjörís
- Kopar restaurant
- Lagerdere
- Langbest veitingar
- LNS saga
- Loftorka
- Lystadún Marco
- Lýsi hf
- Lækjarbrekka
- Marel
- Miðbæjarhótel
- Miklatorg
- Mjólkursamsalan
- N1
- Nesfiskur
- Northen Light Inn
- Nói Sírius
- Olúdreifing
- Olúverslun Íslands
- Pizza Pizza ehf
- Plastprent
- Pústþjónustan BJB
- Radisson Blu 1919
- Rauði krossinn á Íslandi
- RUV
- Samskip
- Securitas
- Serrano Ísland ehf
- Síldarvinnslan
- Skeljungur hf
- Skemmtigarðurinn Smáralind
- Skólamatur ehf
- Skyrgerðin-Cafe & Bistro
- Sólaræsting
- Sólning ehf
- Steypustöðin
- Stjarnan
- Stjörnugrís
- Toppfiskur
- Vífilfell
- Ölgerðin
- Öryggismiðstöðin
- Össur hf
- 1912 samstæðan
- 66°N

Þess ber að geta að unnið var eitt klasaverkefni þar sem 5 fyrirtæki tóku sameiginlega þátt í Fræðslustjóra að láni.

Eigin fræðsla

Fyrirtæki geta sótt um styrki til að kosta eigin fræðslu sem fram fer innan fyrirtækjanna með eigin leiðbeinendum. Reglurnar fela í sér að heimilt er að veita styrki samkvæmt tilteknum verklagsreglum og í flestum tilfellum er um að ræða sérhæfða fræðslu sem ekki er hægt að kaupa frá sjálfstæðum fræðsluaðilum. Má þar nefna þjálfun samkvæmt skilgreindum þjálfunarferlum almennra starfsmanna til dæmis í þjónustu og framleiðslu sérhæfðra vara.

Á árinu voru það 18 fyrirtæki sem undirrituðu samning um eigin fræðslu. Samningar voru endurnýjaðir að jafnaði ársfjórðungslega og að fullu uppgerðir í lok árs. Þá voru gerðir upp eldri samningar frá 2016 sem giltu til ársins 2017. Styrkir alls til fyrirtækja vegna eigin fræðslu voru því alls um 7 milljónir króna. Þar á bak við voru tæplega 1850 félagsmenn og 1000 klukkustundir af fræðslu.

Til að einfalda verklag þá voru aflagðir fyrir fram gerðir samningar vegna eigin fræðslu í lok ársins og upp tekið nýtt verklag til einföldunar fyrir alla aðila. Það felur í sér að fyrirtæki gera samkomulag sem heimilar þeim að leggja inn umsóknir vegna eigin fræðslu eftir að henni er lokið og á sama hátt og sótt er um styrki vegna aðkeyprar fræðslu.

Markaðsmál og kynningar

Ársfundur Starfsafls var haldinn venju samkvæmt að vori til en nú opinn öllum áhugasömum og er það í fyrsta sinn sem það er gert. Boð var sent á fulltrúa þeirra fyrirtækja sem hafa sótt í sjóðinn undanfarin ár, þá ráðgjafa sem hafa starfað með sjóðnum og á eigendur sjóðsins og velunnara. Það var því góður hópur gesta sem sat fundinn en skráðir voru 50 gestir.

Dagskrá var áhugaverð og hófst á innleggi formanns stjórnar sjóðsins. Þá fór framkvæmdastjóri yfir árið auk þess sem sagt var frá verkefnum á sviði fræðslu og veitt innsýn í fræðslu fyrirtækja. Að loknum erindum var boðið upp á veitingar og var mikið spjallað og ljóst að opinn ársfundur yrði endurekinn að ári.



Ársfundur Starfsafls 2017

Á starfsárinu var tekin upp sú nýbreytni að bjóða þeim sem hafa með mannauðs- og fræðslumál að gera innan sinna fyrirtækja til morgunfundar á skrifstofu Starfsafls. Yfirskrift fundanna var „*Er fræðsla í bollanum þínum*“ Góð þátttaka var á þá fundi sem haldnir voru og mikil almenn ánægja. Efni til umræðu var af ýmsum toga þar sem aldrei var fyrirbyggjandi dagskrá heldur komu gestir með umræðuefnið að borðinu, þekkingu var miðlað og mikilvægar tengingar myndaðar.

Að síðustu hefur verið farin sú leið til að kynna Starfsafl enn frekar fyrir fyrirtækjum, að bjóða þeim á skrifstofu Starfsafls. Ýmis tækifæri eru nýtt til þess, svo sem á upphafsfund vegna Fræðslustjóra að láni, en áður fóru slíkir fundir fram innan fyrirtækjanna.

Þá hefur verið lögð áhersla á fréttáflutning af styrkveitingum fyrirtækja og undirstrika þannig hversu sterkur bakhjarl sjóðurinn er þegar kemur að starfsmenntamálum fyrirtækja. Að því sögðu voru birtar tæplega sjötíu fréttir á vef Starfsafls á starfsárinu auk greina í m.a. fréttablað Eflingar og Morgunblaðið.



Endurmenntun bílstjóra hjá Ölgerðinni



Að gefnu tilefni er á það bent.....



Hard Rock Cafe fær Fræðslustjóra að láni



Bílaleigan Geysir fær Fræðslustjóra að láni

Fréttir af vef Starfsafls

Mikilvægt er að taka þátt í fundum og ráðstefnum þar sem fræðslu- og starfsmannamál eru til umræðu og eða á vettvangi atvinnulífsins, þar sem málin eru rædd og línurnar lagðar. Þá er samtalið mikilvægt fyrir framþróun sjóðsins og aðeins þannig getur sjóðurinn mætt þörfum atvinnulífsins. Að því sögðu var Starfsafl með kynningarbás á Mannauðsdegi Flóru og Menntadegi atvinnulífsins, en hvorutveggja eru viðburðir sem hafa fest sig í sessi og eru vel sóttir.

Að lokum – hvert stefnum við

Í atvinnulífi sem er í sífelldri framþróun er mikilvægt að búa yfir ákveðinni aðlögunarhæfni, geta tileinkað sér nýja færni og vera í stakk búin til að taka breytingum. Rætt er um fjórðu iðnbyltinguna og þær hæfnikröfur sem talið er að henni muni fylgja, svo sem kröfur um aukna samskiptahæfni og hugmyndauðgi svo dæmi séu tekin.

Lögð er áhersla á að styrkir til einstaklinga þjóni félagsmönnum og geti stutt við þá sem vilja efla sig í starfi. Þá er mikilvægt að hver og einn sé meðvitaður um nauðsyn þess og ábyrgur fyrir því að skrásetja alla færni og halda utan um alla starfsmenntun sem er sótt. Þannig er hægt að sýna fram á, ef eftir því er kallað, að viðeigandi þekkingu hafi verið aflað og ef til vill njóta framgangs í starfi, sé vilji til þess.

Símenntun starfsmanna er sannarlega lykill fyrirtækja að betra starfsumhverfi, aukinni framleiðni og getur styrkt samkeppnisstöðu þeirra. Til að mæta því þurfa fyrirtæki að hafa getu og vilja til að halda úti fræðslustarfi sem styrkir mannauð fyrirtækisins. Þá er mikilvægt að geta sótt í fræðslusjóði, hvort heldur er fjárhagslegan stuðning eða ráðgjöf á borð við verkefnið Fræðslustjóri að láni.

Stór fyrirtæki hafa alla burði til að ráða inn sérfræðinga og uppfylla ýmsar kröfur sem ört vaxandi atvinnulíf setur fram en lítil og meðalstór fyrirtæki standa oft frammi fyrir erfiðleikum sem ekki þekkjast innan stærri fyrirtækjanna. Það reynist smærri fyrirtækjum oft erfiðara að halda úti öflugri fræðsluáætlun og fjárfesta í þeim mannauð sem starfsfólkið er.

Að því sögðu eru sífellt fleiri fyrirtæki sem sækja í sjóðinn. Til að mynda voru það 80 fyrirtæki sem sóttu í sjóðinn árið 2016 og 115 árið 2017. Það er töluverð aukning en betur má ef duga skal. Ef litíð er til þeirra fyrirtækja sem greiða með fleiri en einum starfsmanni til sjóðsins, þá eru það tæp 7 % fyrirtækja sem nýta sér sjóðinn. Það þykir ekki sérlega mikið og er það því eitt af meginmarkmiðum Starfsafls að kynna sjóðinn enn frekar og ná til fleiri fyrirtækja, þá sérstaklega minni fyrirtækja. Í því felst að kynna fyrir þeim þá möguleika sem eru fyrir hendi og styðja við þau á þann veg sem rúmast innan markmiða sjóðsins.

Að síðustu leggur Starfsafl áherslu á sveigjanleika og hlustar því vel eftir því sem er efst á baugi í fræðslu- og starfsmenntamálum sem og atvinnulífinu í heild sinni. Sjóðurinn leitar leiða til að opna á leiðir til að styrkja og styðja við bæði einstaklinga og fyrirtæki, s.s. með því að skoða hvað fyrirtækin eru að gera, hvaða fræðslu vantar, hverju kallar atvinnulífið eftir og þá hvar Starfsafl getur lagt sitt af mörkum?

Markmiðin eru margvísleg og áskoranir margar. Stjórn Starfsafls og starfsfólk hefur lagt á það áherslu að vera leiðandi í sínu starfi og taka áskorunum fagnandi, nú sem aldrei fyrr.

starfs**afl**

